Vor við sæinn (Bjartar vonir vakna)

Texti: Árni úr Eyjum

Lag: Oddgeir Kristjánsson

Bjartar vonir vakna
í vorsins ljúfa blæ.
Bjarmar fyrir björgum,
við bláan sæ.
Fagur fuglasöngur
nú fyllir loftin blá,
brjóstin ungu bifast
af blíðri þrá.

Í æðum ólgar blóð
í aftansólarglóð,
ég heyri mildan hörpuslátt.
Ég heyri huldumál,
er heillar mína sál,
við hafið svalt og safírblátt.

Komdu vina kæra,
ó, komdu út með sjó.
Bylgjur klettinn kyssa,
í kvöldsins ró.
Viltu með mér vaka,
þú veist ég elska þig,
Komdu vina kæra
og kysstu mig.

Höfundaskráning: https://oddgeir.is/page/onnur-log

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.